

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: <http://lagabirting.is>
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 24 95. ár

Þriðjudaginn 5. mars 2002

Stefnur

**Jakob R. Möller hrl.,
Efstaleiti 5, 103 Reykjavík**

gjörir kunnugt: Að hann þurfi fyrir hönd Írisar Ólafsdóttur, kt. 010172-4119, Skúlagötu 46, 101 Reykjavík að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Patrick Releford með óþekkt heimilisfang erlendis.

Dómkröfur: Að dómur gangi um að stefndi sé faðir barns hennar, Anítu Ólafsdóttur Releford sem fædd er þann 24. nóvember 1990, kt. 241190-2429.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál sbr. framlagðan málskostnaðarreikning auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Fyrirsvar: Undirritaður lögmaður Jakob R. Möller hrl. LOGOS lögmannsþjónustu, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi ól þann 24. nóvember 1990 stúlkubarnið Anítu Ólafsdóttur Releford á fæðingardeild Landsspítalans. Þann 7. desember sama ár lýsti stefnandi því yfir í sakadómi Reykjavíkur að stefndi væri faðir barnsins sbr. dskj. nr. 4.

Stefndi dvaldist hér á landi og spilaði körfubolta með liði Njarðvíkur á þessum tíma. Kynni stefnanda og stefnda hófust í október 1989. Þau stofnuðu ekki heimili saman en „voru saman“ eins og sagt er, allt fram í marslok 1990.

Þegar barnið fæddist var stefndi farinn af landi brott. Var þá þegar hafist handa við að hafa upp á honum til öflunar faðernisviðurkenningar og vegna meðlagskröfu. Á dskj. nr. 7 og 8 er rakið hvernig reynt var að hafa uppi á heimilisfangi stefnda til að hægt væri að kynna honum kröfurnar og fá afstöðu hans til þeirra en án þess að slíkt bæri árangur. Vísast um þetta til þeirra dómskjala, einkum dskj. nr. 8. Lauk þessu síðan með bréfi dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Reykjavík dags. 2. október 1992 þar sem fram kemur að reynt hafi verið að kynna stefnda kröfur stefnanda en án árangurs. Stefnandi búi líklegast í Argentínu en nánara heimilisfang fylgi ekki með sbr. dskj. nr. 9.

Í framhaldi af þessu var stefnandi boðuð í viðtal hjá sýslumanninum í Reykjavík með bréfi dags. 19. október 1992 sbr. dskj. nr. 10. Í viðtalinu þann 26. október 1992 er stefnanda bent á þá leið barnalaga að höfða dómsmál þar sem ekki hafi tekist að fá afstöðu stefnda til krafanna, sbr. dskj. nr. 11.

3. febrúar 1993 tilkynnir dómsmálaráðuneytið til sýslumanns í Reykjavík að sendiráðið í Washington hafi haft upp á heimilisfangi stefnda í Argentínu og sent honum ábyrgðarbréf þangað. Það hafi hins vegar borist til baka án þess að það væri opnað eða nýtt heimilisfang fylgdi með, sbr. dskj. nr. 12.

Afskiptum sýslumannsins í Reykjavík af málinu lauk síðan með bréfi til stefnanda dags. 23. júní 1993, sbr. dskj. nr. 13 en þar er því lýst yfir

Auglýsing

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 22. febrúar 2002.

Davíð Oddsson.

1691)

Ólafur Davíðsson.

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum – úrskurður Skipulagsstofnunar

Reykjanesbraut, breikkun milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur.

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á breikkun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur eins og henni er lýst í matskýrslu framkvæmdaraðila.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærefrestur til 3. apríl 2002.

Skipulagsstofnun.

1693)

Auglýsing

frá deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi í Reykjavík

Grafarvogur, lóð Landssímans sunnan Borgarveggar austan Smáraríma.

Í samræmi við 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 og deiliskipulagsáætlun fyrir lóð Landssímans í Rimahverfi, Grafarvogi.

Tillögurnar taka til svæðis er afmarkast af lóð Rimaskóla til suðurs, Smáraríma til vesturs, Borgarvegi til norðurs og íbúðabyggð við Laufríma og Mosaríma til austurs.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi gerir ráð fyrir að breyta landnotkun lóðarinnar úr athafnasvæði í íbúðarsvæði að mestu. U.þ.b. 5700 m² svæði (tvær lóðir), í kringum núverandi byggingar, verður þó áfram athafnasvæði. Þá verður hluti svæðisins syðst á reitnum, sem liggur að lóð Rimaskóla, stofnanasvæði þar sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja leikskóla og grunnskóla fyrir yngstu börnin.

Deiliskipulagstillagan gerir m.a. ráð fyrir að nyrst á svæðinu, upp við Borgarveg, rísi þrjár íbúðarblokkir 7-11 hæða með u.þ.b. 132 íbúðum auk þjónustumiðstöðvar. Þar rísi jafnframt tvær íbúðarblokkir á þremur hæðum með allt að 72 íbúðum. Heimilt verði að reisa hjúkrunarheimili í stað 3 hæða blokkanna.

Samkvæmt tillögunni verður lögð ný gata um mitt svæðið. Milli hennar og núverandi byggðar við Laufríma og Mosaríma verði heimilt að byggja 8 raðhús á 2 hæðum með samtals um 59 íbúðum. Aðkoma að þeim verður um hina nýju götu. Á miðju svæðinu, í kringum núverandi hús fjarskiptastöðvarinnar, verði auk þess heimilt að reisa atvinnuhúsnæði á 2 hæðum. Syðst, við lóð Rimaskóla, er gert ráð fyrir stofnanalóð fyrir barnaskóla fyrir yngri börn og leikskóla á allt að 2 hæðum. Vestast á svæðinu, við Smáraríma, er gert ráð fyrir 47 einbýlishúsum á 1-2 hæðum með aðkomu frá Smáraríma.

Tillögurnar liggja frammi í sal skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00–16.00 frá 6. mars 2002 til 17. apríl 2002. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 17. apríl 2002.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 27. febrúar 2002.

Skipulags- og byggingarsvið.

1692)

Nauðungarsölur Reykjavík

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 4. apríl 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Amtmannsstígur 6, 0101, neðri hæð ásamt einu herb. og geymslu í kjallara 1580)	Halldór Snorri Bragason	Tollstjóraembættið	1.679.891
Álfaborgir 15, 0101, 83,3 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð t.v. m.m. ásamt geymslu á 1. hæð merkt 0109 1581)	Ingibjörg Alma Fjeldsted	Vátryggingafélag Íslands hf.	43.407
Álftamýri 30, 0302, 69,2 fm íbúð á 3. hæð t.h. ásamt geymslu í kjallara m.m. 1582)	Borghildur A. Jónsdóttir og Jakob Eiríksson	Lífeyrissjóðurinn Framsýn	542.848
Álftamýri 58, 0001, 2ja herb. íbúð á jarðhæð t.v. 1583)	Braut ehf.	Tollstjóraembættið	157.744
Bankastræti 6, 0301, 3ja hæð 1584)	Db. Karls Lúðvíkssonar	Vátryggingafélag Íslands hf.	58.410
Bergstaðastræti 12, 0101, íbúð á jarðhæð m.m. 1585)	Bjarni Már Bjarnason og Lára Þyri Eggertsdóttir	Lífeyrissjóðurinn Framsýn og tollstjóraembættið	323.849
Bergstaðastræti 48, 0201, 90,4 fm íbúð á 2. hæð ásamt geymslu merktri 0003 m.m. 1586)	Hrafn Sigurhansson	Íbúðalánasjóður	87.538
Bleikargróf 15 1587)	Eignaumboðið ehf.	Tollstjóraembættið	145.998
Breiðavík 47, 50% ehl. 1588)	Kjartan Bjarnason	Tollstjóraembættið	503.203
Dyrhamrar 18, 0204, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð á 2. hæð 1589)	Ragna Hrönn Jóhannesdóttir	Sparisjóður vélstjóra	788.619
Engjateigur 17, 0204, þriðja austasta íbúðin af sex á 2. hæð í vestur-álmu (102,7 fm), íbúð E-4 1590)	Ólafur Ragnarsson	Olúfélagið hf.	88.187
Fannafold 21 1591)	Þorsteinn V. Þórðarson og Kristín Tryggvadóttir	Lífeyrissjóður starfsm. Áburðarverksmiðju ríkisins	128.115.015
Fannafold 88, 0102, 50% ehl. 4ra herb. íbúð á 1. hæð og íbúðinni fylgir bílskúrsréttur 1592)	Lilja Guðmundsdóttir	Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.	1.071.720
Fífusel 13, 0301, 50% ehl. í 4-5 herb. íbúð á 3. hæð t.v. 1593)	Kristinn B. Gunnarsson	Sparisjóður vélstjóra, útibú	578.675

að fullreynt hafi verið án árangurs að afla faðernisviðurkenningar og sé málinu lokið af hálfu embættisins.

Á þessum tíma var talið samkvæmt framan-sögðu að stefndi dveldist í Argentínu en heim-ilisfang hans var óþekkt.

Hafist var handa við undirbúning að höfðum barnfaðernismáls árið 1995 og var sótt um gjaf-sókn sem var veitt sbr. vottorð dags. 24. ágúst 1995, dskj. nr. 15. Í maí 1996 barst fyrirspurn frá Tryggingastofnun ríkisins um stöðu málsins en stofnunin greiddi stefnanda meðlag til bráðabirgða.

Ekkert varð af því að málið yrði höfðað þar sem stefnandi komst í samband við stefnda sem tjáði henni að hann myndi koma til landsins síðar á árinu 1996 og þá ganga frá faðernisviðurkenningu. Var því ákveðið að slá málshöfðuninni á frest.

Í árslok 1997 var ljóst að stefndi myndi ekki koma til landsins og að ekki yrði hægt að ganga frá málinu með faðernisviðurkenningu.

Var aftur hafist handa við málshöfðun og greiddi Tryggingastofnun áfram bráðabirgða-meðlag til stefnanda.

Enn var stefnandi í sambandi við stefnda og nú óskaði hann þess að fá gögn send út sem hann gæti gengið frá varðandi viðurkenningu á faðerni Anítu. Stefnda var send yfirlýsing til undirritunar. Var um að ræða eyðublað sem fengið var hjá sýslumanninum í Reykjavík, dskj. nr. 20, á ensku. Var stefnandi í sambandi við stefnda og útskýrði fyrir honum að undirrita þyrfti þetta eyðublað hjá réttum yfirvöldum í Bandaríkjunum, helst ræðis-manni Íslands þar. Stefndandi reyndi ítrekað að senda þessi gögn til stefnda, bæði á meintan dvalarstað hans í Flórída og á þáverandi lög-heimili hans en bréfin komu til baka óopnuð.

Á dskj. nr. 16-19 eru bréfaskipti á milli Tryggingastofnunar ríkisins og lögmanns stefn-anda varðandi þennan gang málsins.

Stefndi var í sambandi við stefnanda á árinu 1999 og sagðist vera á leið til landsins og myndi þá ganga frá faðernisviðurkenningunni. Voru stefnandi og stefndi í símasambandi nokkrum sinnum vegna þessa og kom ávallt fram hjá stefnda að hann vildi ganga frá þessu máli og myndi koma til landsins til þess. Eftir því sem tíminn leið varð ljóst að stefndi myndi ekki gera alvöru úr þessari fyrirætlan sinni og gafst stefn-andi upp á því að ræða þetta við stefnda. Hún hafði þegar sent stefnda pappíra til að hægt væri að ganga frá þessu máli en þeir ekki verið mót-teknir af honum.

Það er því fullreynt að ekki tekst að fá stefnda til að undirrita faðernisviðurkenningu þrátt fyrir að hann hafi margoft lýst því yfir við stefnanda að hann vilji gera slíkt. Stefndi hefur heldur aldrei neitað því að vera faðir barnsins Anítu enda er ekki öðrum til að dreifa en stefnda sem stefnandi var í sambandi við á getnaðartíma telpunnar. Einnig þykir fullreynt að stefndi mun ekki koma til landsins í því skyni að ganga frá þessu.

Þar sem telpan Aníta hefur hvorki verið feðruð skv. 2. gr. barnalaga nr. 20/1992 né faðernisvið-urkenning fengist skv. 4. gr. barnalaga er stefn-anda nauðsynlegt að höfða faðernismál þetta til þess að barn hennar Aníta fædd 24. nóvember 1990 verði réttilega feðruð samkvæmt íslenskum lögum. Er það mjög mikilvægt vegna hagsmuna barnsins og réttarstöðu að dómur gangi til staðfestingar á því að stefndi sé faðir þess.

Stefnanda er einnig nauðsynlegt að höfða mál þetta vegna réttar hennar til að fá meðlag greitt með barninu en skv. lögum um almannatrygg-ingar ber að leita ýtrustu leiða til að feðra börn annaðhvort með viðurkenningu lýsts föður eða með dómi þannig að hægt sé að kveða upp með-lagsúrskurð á hendur föðurnum.

Þar sem ekki er vitað um dvalarstað eða lögheimili stefnda er stefna þessi birt í Lögbirt-ingablaði.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Krafa stefnanda er byggð á barnalögum nr. 20/1992 einkum 4. gr. og VII. kafla A. Um varnarþing er vísað til 42. gr. laga nr. 20/1992 og um aðild er vísað til 43. gr. laganna. Um birtingu og stefnufrest er vísað til 89. gr. og 3. tl. 91. gr. laga nr. 91/1991. Krafan um málskostnað er byggð á 129. gr. svo og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Krafan um virðisaukaskatt á málskostnað er byggð á lögum nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyld ber henni nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins verður lagt fram eftirfarandi:

1. Stefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Fæðingarvottorð.
4. Vottorð úr sakadómi Reykjavíkur dags. 7. desember 1990.
5. Bréf sakadóms til dómsmálaráðuneytisins dags. 14. desember 1990.
6. Beiðni um þýðingu dags. 21. mars 1991 ásamt þýðingu.
7. Bréf dómsmálaráðuneytisins til utanríkisráðuneytisins.
8. Bréfaskriftir utanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og sakadóms varðandi tilraunir til að hafa uppi á stefnda í Bandaríkjunum á tímabilinu frá maí 1991 til september 1992.
9. Bréf frá dómsmálaráðuneytinu til sýslumannsins í Reykjavík dags. 2. október 1992.
10. Bréf sýslumannsins í Reykjavík til stefnanda dags. 19. október 1992.
11. Endurrit úr sífjamálabók Reykjavíkur dags. 26. október 1992.
12. Skeyti dags. 21. janúar 1993.
13. Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Reykjavík dags. 3. febrúar 1993.
14. Bréf sýslumannsins í Reykjavík dags. 23. júní 1993 til stefnanda.
15. Gjafsóknarleyfi dags. 24. ágúst 1995.
16. Bréf frá Tryggingastofnun ríkisins dags. 3. júní 1997.
17. Bréf dags. 8. desember 1997 til Tryggingastofnunar ríkisins.
18. Bréf frá Tryggingastofnun ríkisins dags. 14. apríl 1999.
19. Bréf til Tryggingastofnunar ríkisins dags. 14. júlí 1999.
20. Yfirlýsing um faðerni barns á ensku.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til þess að leggja fram frekari gögn til frekari rökstuðnings kröfum sínum og til að tilgreina menn til skýrslugjafar eftir því sem þurfa þykir á síðari stigum málsins.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Patrick Releford, f. 23. febrúar 1961 með óþekkt heimilisfang erlendis til þess að mæta við þingfestingu málsins fyrir héraðsdómi Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík fimmtudaginn 18. apríl 2002, kl. 10.00 árdegis til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt þing má vænta útivistardóms í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 17. febrúar 2002.
f.h. Jakobs R. Möller hrl.
Svanhvít Axelsdóttir hdl.

(1579

Lánasjóður íslenskra námsmanna
kt. 710169-0989,
Laugavegi 77, Reykjavík

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Bæring Ólafssyni, kt. 221155-4839, með óþekkt heim-

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Flétturimi 23, 0202, 107,1 fm íbúð á 2. hæð og bílstæði merkt 0004 í bílskýli ¹⁵⁹⁴⁾	Elín Guðfríður Kristjánsdóttir	Tollstjóraembættið	5.423.237
Frakkastígur 12A, 0204, íbúð á 2. hæð m.m ¹⁵⁹⁵⁾	Arnar Sveinsson	Íbúðalánasjóður	109.729
Grandagarður 8, 010104, 215,6 fm iðnaðarhúsnæði á 1. hæð m.m. ¹⁵⁹⁶⁾	Eignarhaldsfélagið Grandagarður 8 ehf.	Sparisjóður Hafnarfjarðar og Tryggingamiðstöðin hf.	15.719.497
Grandagarður 8, 010205, 926,9 fm iðnaðarhúsnæði á 2. hæð m.m. ¹⁵⁹⁷⁾	Sæsmíð ehf.	Fasteignamarkaðurinn ehf. og tollstjóraembættið	1.163.128
Grandagarður 8, ehl. 010101, 010102, 010103 og 030101 ¹⁵⁹⁸⁾	Eignarhaldsfélagið Grandagarður 8 ehf.	Sparisjóður Hafnarfjarðar	20.441.821
Grensásvegur 13, 0301, 340 fm skrifstofuhúsnæði á 3ju hæð í S-enda m.m. ¹⁵⁹⁹⁾	Veltir ehf.	Almennur lífeyrissjóður VÍB	453.261
Háaleitisbraut 113, 0403, 5 herb. íbúð á 4. hæð A.V. ásamt geymslu nr. 4 í N-enda kjallara ásamt B ¹⁶⁰⁰⁾	Hjördís Sigurðardóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðst.	2.771.691
Heiðargerði 80, 0101, aðalhæð og bílskúr ¹⁶⁰¹⁾	Guðrún Fjóla Björgvinsdóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðst.	774.801
Hjarðarhagi 45, verslunar og skrifstofuhús á S-hluta lóðar ¹⁶⁰²⁾	Ísbúðin ehf., Reykjavík	Tollstjóraembættið	129.534
Hrafnhólar 4, 0203, 50% ehl. í 99,5 fm íbúð þriðja t.v. á 2. hæð m.m. (merkt 0201 skv. eldri lýsingu.) ¹⁶⁰³⁾	Halldór Bærings Bjarnason	Tryggingamiðstöðin hf.	64.120
Hrafnshöfði 3, 010101, 50% ehl. í 4 herb. íbúð á einni hæð með millipalli m.m. ¹⁶⁰⁴⁾	Alda Kristinsdóttir	Íslandsbanki-FBA hf.	295.252
Hringbraut 119, 0408 og stæði nr. 22 í bifreiða-geymslu ¹⁶⁰⁵⁾	Einar Vilhjálmur Emilsson	Íbúðalánasjóður	274.632
Hvassaleiti 24, 0402, 3ja herb. íbúð á 4. hæð t.h. og bílskúr ¹⁶⁰⁶⁾	Valgerður Árný Einarsdóttir	Sparisjóður Hafnarfjarðar	370.884
Hverfisgata 74, 0001, vinnustofa á baklóð í matshluta 02 ¹⁶⁰⁷⁾	Gerpla ehf.	Tollstjóraembættið	156.820

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Írabakki 22, 0102, 50% ehl. í 3ja herb. íbúð á 1. hæð f.m., geymsla og niðurhólfað sérrými í kjallara m.m. 1608)	Sigríður Guðbjörg Hrafnisdóttir	Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	809.445
Járnháls 2 1609)	Vélar og þjónusta hf.	Lífeyrissjóður verslunarmanna og tollstjóraembættið	49.893.340
Klapparstígur 1, 0202, 53,9 fm íbúð á 2. hæð önnur t.v. m.m. og bílastæði nr. 22 í matshluta 20 1610)	Þórey Kristjánsdóttir	Íbúðalánasjóður	390.121
Klapparstígur 3, 0402, 56,0 fm íbúð á 4. hæð fyrir miðju m.m. ásamt bílastæði nr. 74 í mhl. 20 1611)	ACG ehf. (Atlantis Consult Group)	Íbúðalánasjóður	610.159
Kleppsvegur 48, 0402, 5 herb. íbúð á 4. hæð t.h. 1612)	Jóhann Ólafsson	Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki-FBA hf.	933.133
Klukkurimi 29, 0102, 50% ehl. í 2ja herb. íbúð nr. 2 frá vinstri á 1. hæð 1613)	Ingunn Björg Arnardóttir	Klukkurimi 27-47, húsfélag	171.994
Klukkurimi 55, 0204, 4ra herb. íbúð nr. 4. frá vinstri á 2. hæð 1614)	Margrét Guðlaug Pétursdóttir	Tollstjóraembættið	5.131.520
Klyfjasel 2, 010101, 50% ehl. í 8 herb. íbúð á 1. og 2. hæð m.m. og bílskúr 020101 1615)	Guðný Guðmundsdóttir	Tollstjóraembættið	116.552
Kvisthagi 12, ehl. 50% 1616)	Auður Sigríður Eydal	Sparisjóður vélstjóra	2.880.068
Laufásvegur 17, 0201, 75% af 2. hæð 1617)	Matthías Matthíasson	Tollstjóraembættið	450.530
Laufengi 64, 0304, 4ra herb. íbúð, 101,89 fm m.m. 1618)	Margrét Kristín Björnsdóttir	Sparisjóður vélstjóra	635.851
Laugarnesvegur 104, 0101, 4ra herb. íbúð á 1. hæð t.v. í NA-enda 1619)	Sigurlína Kristín Magnúsdóttir	Lífeyrissjóðurinn Framsýn	124.634
Leifsgata 4, 0103, 75,5 fm ósamþykkt íbúð og vinnustofa á baklóð og 31,8 fm bílskúr á baklóð ehl. 03-0101 1620)	Hilmar Páll Jóhannesson	Lífeyrissjóður verslunarmanna og tollstjóraembættið	315.051
Leirutangi 16, Mosfellsbæ 1621)	Þyri Kap Árnadóttir og Trausti Leósson	Íbúðalánasjóður	160.494

ilisfang í Austurríki, til greiðslu neðangreindrar skuldar in solidum auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.858.849 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 sem hér segir; af kr. 128.069 frá 1. september 2000 til 1. mars 2001 en af kr. 163.536 frá þ.d. til 1. júlí 2001 en frá þ.d. er krafist dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 38/2001 til 1. september 2001 en af kr. 308.281 frá þ.d. til 1. nóvember 2001 en af kr. 1.858.849 frá þ.d. til greiðsludags.

Jafnframt er þess krafist að dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól, fyrst þann 1. september 2001.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, að mati réttarins þ.m.t. virðisaukaskatts.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon hrl., Lágmúla 7, Reykja-vík, fer með mál þetta f.h. stefnanda.

Málavextir og málsástæður: Skuld þessi er samkvæmt sautján skuldabréfum, útgefnum af stefnda Bæring til stefnanda. Skuldabréfin sautján eru eftirfarandi:

Nr. T-48395, upphaflega að fjárhæð kr. 92.000, útg. þann 12. október 1985, með sjálfskuldarábyrgð Péturs Péturssonar.

Nr. T-52464, upphaflega að fjárhæð kr. 57.500, útg. þann 16. janúar 1986, með sjálfskuldarábyrgð Péturs Péturssonar.

Nr. T-52465, upphaflega að fjárhæð kr. 142.700, útg. þann 16. janúar 1986, með sjálfskuldarábyrgð Péturs Péturssonar.

Nr. T-58700, upphaflega að fjárhæð kr. 57.900, útg. þann 9. apríl 1986, með sjálfskuldarábyrgð Péturs Péturssonar.

Nr. T-59526, upphaflega að fjárhæð kr. 89.602, útg. þann 21. apríl 1986, með sjálfskuldarábyrgð Péturs Péturssonar.

Nr. T-45741, upphaflega að fjárhæð kr. 63.400, útg. þann 22. október 1985, með sjálfskuldarábyrgð Péturs Péturssonar.

Nr. T-36987, upphaflega að fjárhæð kr. 98.000, útg. þann 10. apríl 1985, með sjálfskuldarábyrgð Péturs Péturssonar.

Nr. T-88959, upphaflega að fjárhæð kr. 9.700, útg. þann 25. maí 1987, með sjálfskuldarábyrgð Þóru Bjargar Þórhalls-dóttur.

Nr. T-86805, upphaflega að fjárhæð kr. 53.344, útg. þann 14. apríl 1987, með sjálfskuldarábyrgð Þóru Bjargar Þórhalls-dóttur.

Nr. T-45742, upphaflega að fjárhæð kr. 15.700, útg. þann 23. október 1985, með sjálfskuldarábyrgð Þóru Bjargar Þór-hallsdóttur.

Nr. T-31915, upphaflega að fjárhæð kr. 161.400, útg. þann 15. janúar 1985, með sjálfskuldarábyrgð Þóru Bjargar Þór-hallsdóttur.

Nr. T-31916, upphaflega að fjárhæð kr. 247.400, útg. þann 15. janúar 1985, með sjálfskuldarábyrgð Þóru Bjargar Þór-hallsdóttur.

Nr. T-41509, upphaflega að fjárhæð kr. 21.100, útg. þann 26. júní 1985, með sjálfskuldarábyrgð Þóru Bjargar Þórhalls-dóttur.

Nr. T-86804, upphaflega að fjárhæð kr. 99.224, útg. þann 14. apríl 1987, með sjálfskuldarábyrgð Þóru Bjargar Þórhalls-dóttur.

Nr. T-42159, upphaflega að fjárhæð kr. 19.000, útg. þann 12. ágúst 1985, með sjálfskuldarábyrgð Guðbjargar Pétursdóttur

Nr. T-42633, upphaflega að fjárhæð kr. 56.000, útg. þann 30. ágúst 1985, með sjálfskuldarábyrgð Guðbjargar Pétursdóttur

Nr. T-65934, upphaflega að fjárhæð kr. 14.000, útg. þann 23. júlí 1986, með sjálfskuldarábyrgð Guðbjargar Pétursdóttur.

Skuldabréfin sautján mynda heildarskuld stefnda Bærings við stefnanda og var bréfunum steypst saman í innheimtukerfi sjóðsins án þess að gefið væri út nýtt skuldabréf fyrir heildar-skuldinni. Skuldabréfin eru verðtryggð en bera ekki vexti. Bréfin fengu sameiginlegt lánsnúmer sem er S-901488. Af fyrstu tveimur tölunum má ráða að endurgreiðsla lánsins átti að hefjast á árinu 1990.

Um afborganir af láninu fer skv. lögum nr. 72/1982, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. sept-ember ár hvert. Afborganir hafa verið í vanskil-um frá 1. september 2000 og eru gjaldfallin van-skil samtals að fjárhæð kr. 308.281. Skv. heimild í bréfunum sjálfum voru þau gjaldfelld miðað við 1. nóvember 2001 vegna verulegra vanskila skuldara en þá námu eftirstöðvar skuldarinnar kr. 1.550.568.

Nánari sundurliðun stefnukröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun	pr. 1. sept. 2000	kr.	128.069
“	pr. 1. mars 2001	kr.	35.467
“	pr. 1. sept. 2001	kr.	144.745
Samtals		kr.	308.281
Gjaldf. eftirst.	pr. 1. nóv. 2001	kr.	1.550.568
Samtals		kr.	1.858.849

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Lagarök: Stefnandi byggir kröfu sína á almennum reglum kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga og er málið rekið á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 180. gr.

Málið er rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur (áður bæjarþingi Reykjavíkur) skv. sérstöku ákvæði þar um í skuldabréfunum sjálfum.

Þá er byggt á lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, einkum 11. gr., sbr. lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Dráttarvaxtakrafa stefnanda er byggð á III. kafla laga nr. 25/1987 fram til 1. júlí 2001 en eftir þann dag er stuðst við III. og V. kafla laga nr. 38/2001.

Krafa um málskostnað er reist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutnings-þóknun er reist á lögum nr. 50/1988 þar sem lög-mönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisauka-skattskyldur. Því ber nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Þar sem ekki er vitað um dvalarstað eða lög-heimili stefnda Bærings Ólafssonar, sem þó er talið vera í Austurríki er stefna þessi birt í Lög-birtingablaðinu, sbr. 1. mgr. 89. gr. og 3. mgr. 91. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá um framlögð gögn.
3. Lögbirtingablað það sem stefnan birtist í.
4. Búsetuvottorð stefnda frá Hagstofu Íslands.
5. Frumrit skuldabréfa.
6. Greiðsluyfirlit.
7. Innheimtugögn.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því er Bæring Ólafssyni, kt. 221155-4839, hér með stefnt til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjar-torg, Reykjavík, dómsal 102, þriðjudaginn 9. apríl nk. kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dóm-kröfur og sókn sakar, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 20. febrúar 2002.
F.h. Sigurbjörns Magnússonar hrl.,
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir lögfr.
(1648)

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 11. febrúar 2002, var bú Innex ehf., kt. 500596-2449, Hrísum, Eyjafjarð-arsveit, 601 Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 12. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skipta-stjóra að Garðarsbraut 15, 640 Húsavík.

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Ljósvallagata 20, 0101, 1. hæð og bílskúr m.m. 1622)	Steinunn M. Norðfjörð	Kristján Friðbergsson	3.092.472
Mosarimi 2, 0102, 50% ehl. í 2. íbúð f.v. á 1. hæð 67,7 fm m.m. 1623)	Vilborg Stefanía Gísladóttir	Tollstjóraembættið	2.242.996
Njörvasund 34, 0201, 50% ehl. í efri hæð m.m. 1624)	Rafn Rafnsson	Tollstjóraembættið	2.665.724
Nönnugata 16, 0101, verslunar- og atvinnuhúsnæði á 1. hæð (Brauðgerðarhús) 1625)	Skrifstofan ehf.	Tollstjóraembættið	302.645
Rauðilækur 31, 0001, 50% ehl. í 3ja herb. kjallaraíbúð 1626)	Gunnhildur Birgit Wessman	Tryggingamiðstöðin hf.	103.222
Rjúpufell 35, 0401, 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 4. hæð t.v. m.m. 1627)	Halldór Valgarður Karlsson	Búnaðarbanki Íslands hf.	695.985
Seljabraut 22, 0302, 50% ehl. í 5 herb. íbúð á 3ju hæð til hægri ásamt hlutdeild í sameiginlegu bílahúsi 1628)	Kristján Einarsson	Sparisjóður Kópavogs	181.060
Skeiðarvogur 35, 0001, 2ja herb. kjallaraíbúð 1629)	Eignasaga – Traust ehf.	Íbúðalánasjóður	423.955
Skeiðarvogur 73 1630)	Hlín Magnúsdóttir, Alexander Hugí Leifsson, Hlín Leifsdóttir og Margrét Hlín Sveinsdóttir	Vátryggingafélag Íslands hf.	60.621
Skipholt 60, 0201, íbúð á efri hæð og bílskúr 1631)	Smurþjónustan Smiðshöfða 7 ehf.	Tollstjóraembættið og Verktakar Magni ehf.	294.448
Skriðusel 1 1632)	Grétar Vilhelmsson	Sparisjóður vélstjóra	267.050
Starrahólar 3 1633)	Sigurður Guðmundsson og Ólína Sigríður Einarsdóttir	Lífeyrissjóðurinn Framsýn	856.434
Stigahlíð 61 1634)	Jóhann Örn Ingvason og Valdís Sylvía Sigurþórsdóttir	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú	20.638.413
Suðurlandsbraut 20, 0201, 201,3 fm skrifstofurými á 2. hæð m.m. 1635)	Íslenska útgáfufélagið ehf.	Tollstjóraembættið	1.517.460
Svarthamrar 16, 0203, 3ja herb. íbúð á 2. hæð 1636)	Dórathea Margrét Lúðvíksdóttir	Vátryggingafélag Íslands hf.	48.473
Tungusel 8, 0201, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð á 2. hæð 1637)	Valgarður O. Guðmundsson	Tollstjóraembættið	508.296

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:	
Vesturberg 28, 0101, 50% ehl. í 97,5 fm íbúð á 1. hæð m.m. ásamt geymslu á 1. hæð merkt 0102	Kjartan Haraldsson	Snæbjörn Sigurgeirsson	628.085	
1638)				
Vesturfold 1, 50% ehl.	Jónas Garðarsson	Tollstjóraembættið	3.258.197	
1639)				
Vesturgata 23, 0401, rishæð	Þór Örn Víkingsson	Íbúðalánasjóður	484.772	
1640)				
Vesturgata 73, 020002, 96,6 fm íbúð í kjallara t.v. m.m.	Helga Pálsdóttir	Íslandsbanki hf., útibú 526	694.574	
1641)				
Vættaborgir 67, parhús	Eypór Guðlaugsson og Elísabet Sigurðardóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðst.	12.762.978	
1642)				
Reykjavík, 20. febrúar 2002. Sýslumaðurinn í Reykjavík, Þuríður Árnadóttir deildarstjóri fullnustudeildar.				

Búðardalur

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Miðbraut 11, Búðardal, fimmtudaginn 4. apríl 2002, kl. 14.00 hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:	
Ægisbraut 11	Hansína B. Einarsdóttir	Lífeyrissjóður verslunarm. Vesturbraut 20 ehf.	643.626	
1696)				
Búðardal, 25. febrúar 2002. Sýslumaðurinn í Búðardal, Anna Birna Þráinsdóttir .				

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 15, Húsavík, miðvikudaginn 15. maí 2002 kl. 13.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðust viku fyrir skiptafund.

(1364 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 11. febrúar 2002, var bú Kjartans Kolbeinssonar, kt. 240249-6699, Vest-ursíðu 36, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 11. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skipta-stjóra að Garðarsbraut 15, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 15, Húsavík, miðvikudaginn 15. maí 2002 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðust viku fyrir skiptafund.

(1365 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 11. febrúar 2002, var bú Fiskmarkaðar Raufarhafnar ehf., kt. 460197-3849, Ásgötu 7, Raufarhöfn, tekið til gjaldþrota-skipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 30. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skipta-stjóra að Garðarsbraut 15, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 15, Húsavík, miðvikudaginn 15. maí 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðust viku fyrir skiptafund.

(1366 a

Húsavík, 14. febrúar 2002.
Örlygur Hnefill Jónsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 5. febrúar 2002, var bú Ísbúðarinnar Kaupvangsstræti ehf., kt. 560192-2159, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-dagur við gjaldþrotaskiptin er 7. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköll-unar. Kröfulýsingar skulu afhentar á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 7, 2. hæð, Akureyri, eða sendar í pósthólf 32, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 7, 2. hæð, Akureyri, 27. maí 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

Akureyri, 14. febrúar 2002.
Þorsteinn Hjaltason hdl.

(1376 a

Bú rekstrarfélags Jöklaferða ehf., kt. 520599-2829, Hafnarbraut 52, Hornafirði, var með úr-skurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 18. febrúar 2002 tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 13. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, fimmtudaginn 16. maí 2002 kl. 15.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1649 a

Bú Hraðmyndar-Gullhafsins ehf., kt. 461098-2319, Selási 1, Egilsstöðum, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 15. febrúar 2002 tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 13. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, fimmtudaginn 16. maí 2002 kl. 16.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1650 a

Fjarðabyggð, 20. febrúar 2002.
Gísli M. Auðbergsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 7. febrúar 2002, var bú Ármann Reykjavík ehf., kt. 431286-2549, með lög-heimili að Sundaborg 5, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Félagið rak verslanirnar Roll-ingana og Divaa í Kringlunni, Reykjavík. Frest-dagur við gjaldþrotaskiptin er 7. febrúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Lágmúla 7, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík, fimmtudaginn 23. maí 2002 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. febrúar 2002.
Sigurmar K. Albertsson hrl.

(1652 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum þann 15. febrúar 2002, var bú Ás-brúnar ehf., kt. 500699-3029, Einbúabla 12,

Egilsstöðum, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-
dagur við skiptin er 13. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu
eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum
sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu
innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu inn-
köllunar þessarar. Kröfufýsingar skulu sendar
skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, föstudaginn 14.
maí 2002 kl. 16.00.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður
skiptum lokið á þeim fundi með vísan til 155. gr.
laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfyllt-
um. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á
skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan
skiptafund.

Egilsstöðum, 20. febrúar 2002.
Hilmar Gunnlaugsson hdl.,
skiptastjóri.

(1663 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 13. febrúar 2002, var dánarbú Þóru
Finnbogadóttur, kt. 280410-4469, sem lést þann
16. júní 2001 og var síðast til heimilis að
Hjúkrunarheimilinu EIR, Reykjavík, tekið til
opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga
kröfur á hendur dánarbúinu eða muni í vörslu
þess, eða eiga rétt til arfs eftir hina látnu, að lýsa
kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra
innan tveggja mánaða frá því að innköllun þessi
birtist fyrra sinni.

Skriflegar kröfufýsingar skulu sendar skipta-
stjóra á skrifstofu hans, Tjarnargötu 10d,
Reykjavík.

Reykjavík, 25. febrúar 2002.
Gústaf Þór Tryggvason hrl.

(1666 a

Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi Þórðar Svanssonar,
kt. 191156-2429, verður haldinn á skrifstofu
skiptastjóra að Borgartúni 33, 3. hæð, 105
Reykjavík, fimmtudaginn 21. mars 2002 kl.
10.00.

Á fundinum verður tekin ákvörðun um
skiptalok í þrotabúinu.

Reykjavík, 19. febrúar 2002.
Sigurður I. Halldórsson hdl.,
skiptastjóri.

(1651 a

Skiptafundur í þrotabúi Sigrúnar Ásdísar
Gísladóttur, kt. 100153-2119, Skessugili 14,
Akureyri, verður haldinn í skrifstofu undirritaðs
skiptastjóra í búinu að Garðarsbraut 5, Húsavík,
föstudaginn 15. mars 2002 kl. 10.00.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í
síðasta lagi á þeim fundi mun skiptum í búinu
verða lokið með vísan til 155. gr. laga nr.
21/1991.

Húsavík, 22. febrúar 2002.
Berglind Svavarsdóttir hdl.

(1690

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 9. febrúar 2000, var bú Sprettis ehf., kt.
680787-1589, Reynihvammi 41, Kópavogi,
tekið til gjaldþrotaskipta. Þann sama dag var
undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum búsins lauk í dag með úthlutun skv.
160. gr. laga nr. 21/1991. Upp í veðkröfur að
fjárhæð kr. 13.740.520 fengust greiddar kr.
8.033.073 er nemur 58,463%. Ekkert fékkst upp

Húsbréf

Þrítugasti og annar útdráttur í 1. flokki húsbréfa 1993

Innlausnardagur 15. apríl 2002

5.000.000 kr. bréf

Að þessu sinni voru engin 5.000.000 kr. bréf dregin út.

1.000.000 kr. bréf

93120034	93120394	93120851	93121063	93121380	93121872	93122335	93123241	93123417
93120069	93120456	93120853	93121092	93121422	93121927	93122588	93123252	93123432
93120160	93120551	93120871	93121313	93121553	93122051	93122607	93123342	93123443
93120298	93120607	93120929	93121362	93121564	93122133	93123047	93123353	93123501
93120382	93120673	93121044	93121379	93121850	93122141	93123112	93123359	

100.000 kr. bréf

93150091	93151464	93152126	93153655	93153729	93154468	93156437	93157078	93157985
93150757	93151685	93152418	93153665	93154217	93154712	93156715	93157249	93158372
93150809	93151753	93152716	93153689	93154232	93155153	93156821	93157677	
93151197	93151820	93153453	93153691	93154270	93155253	93156882	93157759	

10.000 kr. bréf

93170005	93170978	93171566	93171789	93172520	93173498	93174875	93175432	93177347
93170054	93171317	93171626	93171819	93172846	93174225	93174894	93176481	
93170070	93171390	93171702	93172216	93172886	93174451	93174933	93177031	
93170093	93171506	93171764	93172484	93173094	93174515	93175144	93177073	

Yfirlit yfir óinnleyst húsbréf:

	(2. útdráttur, 15/10 1994)	
100.000 kr.	Innlausnarverð 112.463,-	93151134
	(3. útdráttur, 15/01 1995)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 11.435,-	93174897
	(4. útdráttur, 15/04 1995)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 11.640,-	93175511
	(5. útdráttur, 15/07 1995)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 11.832,-	93176291
	(7. útdráttur, 15/01 1996)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 12.318,-	93172908
	(8. útdráttur, 15/04 1996)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 12.590,-	93176294
	(9. útdráttur, 15/07 1996)	
1.000.000 kr.	Innlausnarv. 1.286.282,-	93123295
10.000 kr.	Innlausnarverð 12.863,-	93176482
	(10. útdráttur, 15/10 1996)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 13.179,-	93176293
	(14. útdráttur, 15/10 1997)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.419.549,-	
	93120410 93121340 93122731	
	93120448 93121359 93122763	
	(15. útdráttur, 15/01 1998)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.441.184,-	
	93122762	
100.000 kr.	Innlausnarverð 144.118,-	
	93151453 93156333	
	(18. útdráttur, 15/10 1998)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.516.911,-	
	93120099	
	(21. útdráttur, 15/07 1999)	
100.000 kr.	Innlausnarverð 163.692,-	
	93157515	

Útdregin óinnleyst húsbréf bera hvorki vexti né verðbætur
frá innlausnardegi. Því er áriðandi fyrir eigendur þeirra að
innleysa þau nú þegar og koma andvirði þeirra í arðbæra
ávöxtun. Húsbréf eru innleyst í öllum bönkum,
sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.

	(25. útdráttur, 15/07 2000)	
100.000 kr.	Innlausnarverð 182.962,-	93155572
	(26. útdráttur, 15/10 2000)	
100.000 kr.	Innlausnarverð 186.025,-	93157514
	(27. útdráttur, 15/01 2001)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 19.120,-	93176652
	(28. útdráttur, 15/04 2001)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.958.517,-	
	93120231 93120954 93121720 93122898	
	93120355 93121014 93122465	
	(29. útdráttur, 15/07 2001)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 2.071.128,-	
	93122012 93122856 93123086 93123622	
	(30. útdráttur, 15/10 2001)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 2.138.063,-	
	93120741 93121620 93121974 93122964	
	93120789 93121756 93122348	
	93121012 93121910 93122466	
	93121499 93121933 93122616	
100.000 kr.	Innlausnarverð 213.806,-	
	93153774 93157638 93158291	
	93155536 93158244	
10.000 kr.	Innlausnarverð 21.381,-	
	93171286 93171868 93175145 93175662	
	(31. útdráttur, 15/01 2002)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 2.201.437,-	
	93120819 93121076 93121807 93122788	
	93120826 93121531 93122278	
	93120850 93121774 93122425	
100.000 kr.	Innlausnarverð 220.144,-	
	93151466 93153091 93156334 93157851	
	93151561 93155000 93156856 93158289	
	93151625 93155535 93157679	
10.000 kr.	Innlausnarverð 22.014,-	
	93171502 93173045 93174200	
	93172624 93173829 93174856	

húsið hús



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 569 6900 - Fax 569 6800

Auglýsing

frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta um frest til að lýsa kröfum

Með úrskurði dags. 27. nóvember 2001, var Burnham International á Íslandi hf., kt. 550191-1729, tekið til gjaldþrotaskipta.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta starfar skv. lögum nr. 98/1999 um innstæðu-tryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Markmið þeirra laga er m.a. að veita viðskiptavinum verðbréfafyrirtækja lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum þeirra. Sjóðnum er m.a. skylt við gjaldþrot verðbréfafyrirtækis að greiða viðskiptavinum þess andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf, eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemi sjóðsins gilda.

Frestur til að lýsa kröfum á sjóðinn vegna gjaldþrots Burnham International á Íslandi hf. rennur út 31. maí 2002. Kröfur skulu berast Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, b.t. Sveinbjörns Hafliðasonar ritara stjórnar sjóðsins, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík. Kröfulýsingu skal fylgja afrit af kröfulýsingu í protabú Burnham International á Íslandi hf.

Nánari upplýsingar veitir ritari stjórnar sjóðsins í síma 569 9624.

Reykjavík, 25. febrúar 2002.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

1677)

Auglýsing

um skipulag í Snæfellsbæ

1. Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 við Arnarstapa og Hellna.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015.

Breytingartillagan tekur til landnotkunar í og við byggðakjarnana á Arnarstapa og Hellnum.

Tillagan, sem samanstendur af uppdrætti og greinargerð, liggur frammi á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar í Röst á Hellissandi og hjá Skipulagsstofnun frá 6. mars til 6. apríl 2002 á venjulegum skrifstofutíma.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna.

Athugasemdum skal skila fyrir 20. apríl 2002. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á bæjarskrifstofur Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, Hellissandi, 360 Snæfellsbær.

Þeir sem ekki gera athugasemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

2. Deiliskipulag fyrir tjaldstæði undir Hrossabrekkum við Hellissand.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með lýst eftir athugasemdum við deiliskipulag fyrir tjaldstæði undir Hrossabrekkum við Hellissand í Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið, sem samanstendur af uppdrætti ásamt skipulags- og byggingarskilmálum, liggur frammi á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar í Röst á Hellissandi frá 6. mars til 6. apríl 2002 á venjulegum skrifstofutíma.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagið.

Athugasemdum skal skila fyrir 20. apríl 2002. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á bæjarskrifstofur Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, Hellissandi, 360 Snæfellsbær.

Þeir sem ekki gera athugasemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

Skipulags og byggingarfulltrúi.

1667)

í samþykktar kröfur eftir 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga að fjárhæð kr. 2.205.150 og þá ekki upp í almennar kröfur skv. 113. gr. gjaldþrotaskiptalaga að fjárhæð kr. 89.462.174, auk vaxta eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

(1571

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kevðnum 15. janúar 2001, var bú Grasefnavara ehf., kt. 490198-3429, Hafnarbraut 2, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í protabúinu.

Skiptum búsins lauk í dag með úthlutun skv. 160. gr. laga nr. 21/1991. Upp í lýstar veðkröfur að fjárhæð kr. 17.139.263 fengust greiddar kr. 706.825 eða 4,124%. Ekkert fékkst upp í samþykkar almennar kröfur að fjárhæð kr. 5.409.990 auk áfallins kostnaðar og vaxta eftir úrskurðardag.

(1572

Reykjavík, 27. desember 2001.
Kristján Ólafsson hrl.

Kaupmálar

Kópavogur

Í febrúarmánuði 2002 var kaupmáli færður í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags hjá sýslumannsembættinu í Kópavogi er getið innan sviga:

Lilja Sigríður Guðlaugsdóttir, kt. 240568-3309, Kársnesbraut 94, Kópavogi og Eiríkur Ísfeld Andreasen, kt. 261157-5439, s.st. (14. febrúar 2002).

Seyðisfjörður

Í febrúarmánuði 2002 var kaupmáli færður í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags hjá sýslumannsembættinu á Seyðisfirði er getið innan sviga:

Þórlaug Jakobsdóttir, kt. 010744-7769, Sunnufelli 3, Fellabæ og Eiríkur Sigfússon, kt. 130539-3009, s.st. (13. febrúar 2002. Afturköllun kaupmála).

Dóm- og kirkjumálaráðuneytinu,
25. febrúar 2002.

(1698

Framhald uppboðs

Uppboði á fasteigninni Heimahvammur v/Elliðaárdal, Reykjavík, sem byrjaði 19. febrúar verður fram haldið á eigninni sjálfri fimmtudaginn 14. mars 2002 kl. 13.30.

Með því að ekki er kunnugt um dvalarstað þinglýsts eiganda að fasteigninni, Skarphéðins Njálssonar, kt. 080874-3169, sem átti síðast þekkt heimilisfang að Heimahvammi við Elliðaárdal, Reykjavík, er þessi tilkynning gagnvart honum birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 4. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1991.

Reykjavík, 27. febrúar 2002.
F.h. sýslumannsins í Reykjavík,
Þuríður Árnadóttir,
deildarstjóri fullnustudeildar.

(1702

Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Hinn 1. febrúar 2002 var Per-Erik Anders Risberg skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Umeå í Svíþjóð. Heimilisfang hinnar nýju ræðisskrifstofu er:

Luftbehandling í Umeå AB
Förrådsvägen 7
901 32 Umeå
Sverige

Sími +46 90 137450
Fax: +46 90 136725
Netfang: per-erik@nybers-vent.se

Utanríkisráðuneytinu,
8. febrúar 2002.

(1375

Lögbirtingablað,

24. tölublað 2002.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.

Eygló Halldórsdóttir

Gutenberg 